

Birtist á Deiglan.com, 23. ágúst 2004.

Klofin elíta

Jón Steinsson

Fram eftir 20. öldinni einkenndust pólitískir flokkadrættir í flestum lýðræðisríkjum af stéttabaráttu. Efnafólk var líklegra til þess að kjósa hægriflokka á meðan þeir sem minna höfðu milli handanna studdu vinstriflokka. Bandarísk stjórnsmál voru engin undantekning. Demókrataflokkurinn sótti þá stærstan hluta af sínum stuðningi til verkafólks. Stuðningur við Repúblikanaflokkurinn var meiri þeim mun ofar sem komið var í tekjustigann.

Á síðustu áratugum hefur þetta samband milli tekna og stuðnings við ákveðna stjórnmálaflokka nánast horfið í Bandaríkjunum. Samt hefur lítið sem ekkert dregið úr hugmyndafræðilegum deilum milli Demókrata og Repúblikana. Að margra mati hafa deilur milli flokkanna jafnvel aukist á síðustu 10 árum eða svo.

David Brooks, pistlahöfundur á New York Times, skrifaði fyrr í sumar athyglisverða grein um þessa þróun. Brooks bendir á það að á undanförunum áratugum hafi menntastéttin í Bandaríkjunum í auknum mæli klofnað í tvær fylkingar sem aðhyllast mismunandi gildi og hegða sér með mismunandi hætti kjörklefanum.

Annan hópinn kallar Brooks “þekkingarelítuna”. Í þessum hópi eru lögmenn, læknar, blaðamenn, fræðimenn, verkfræðingar, kennarar, arkitektar og fleiri slíkar stéttir. Hinn hópinn kallar Brooks “businesselítuna”. Þetta er háskólamenntað fólk sem rekur fyrirtæki, stundar verslun, fjármálastarfsemi og annað í þeim dúr.

Að mati Brooks hefur baráttan milli þessara hópa sett svip sinn á bandarísk stjórnsmál að undanförunu. Í stað þess að snúast um stéttabaráttu hafa stjórnsmál í auknum mæli snúist um menningu, siðfræðileg gildi og mikilvægi mismunandi leiðtogaþæfileika. Barátta elítunar snýst að stórum hluta um það hvers konar fólk eigi að stjórna.

Þekkingarelítan vill leiðtoga sem byggja ákvarðanir og stefnu sína á yfirgripsmikilli þekkingu og eru tilbúnir að færa nákvæm rök fyrir einstökum atriðum. Businesselítan vill á hinn bóginn sterka leiðtoga sem hafa skýra og einfalda stefnu sem þeir fylgja í gegnum þykkt og þunnt. Þekkingarelítan metur hugmyndaauðgi og sjálfstæða hugsun á meðan businesselítan metur sjálfsaga, hollustu og þæfileikann til þess að stjórna fólki.

Businesselítan gagnrýnir þekkingarelítuna fyrir stefnuleysi, fyrir að skipta um skoðun og fyrir að haga seglum eftir vindi. Þekkingarelítan gagnrýnir businesselítuna á hinn bóginn fyrir kreddu og einfeldningslega stefnu.

Íslensk stjórnsmál einkennist ekki jafn mikið af þessum klofningi á meðal menntaelítunnar og bandarísk stjórnsmál. Samt má greina svipaðar deilur hér á landi í minna mæli. Þannig er mjög vinsælt hjá Sjálfstæðismönnum að saka Samfylkinguna um stefnuleysi og að sama skapi er algengt að vinstrimenn saki Sjálfstæðismenn um kreddukennda trú á einkavæðingu, skattalækkunum og einstaklingsfrelsi.